

## „Merkilegasta sagan“

● Áfangi um vesturferðir vinsæll í Framhaldsskólanum á Laugum ● Þjóðræknisfélagið styrkir fjögur slík verkefni

Steinþór Guðbjartsson  
steinthor@mbl.is

Annað árið í röð geta nemendur í Framhaldsskólanum á Laugum tekið áfanga í íslensku um vesturferðir Íslendinga. „Í fyrria ákvað ég að búa til áfanga með áherslu á vestur-íslensku, menningu og hefðir með stuðningi frá Þjóðræknisfélagi Íslendinga, í stuttu máli var þetta ótrúlega skemmtilegt og nú held ég áfram á sömu braut,“ segir Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir



Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir

Málefnið er Rögnu mjög kært, en Kristján Guðmundsson, eiginmaður hennar og matargerðarmaður í skólanum, á náði skyldfólk vestra. Fyrir nokkrum árum ferðuðust þau um slóðir vesturfarar og heimsóttu meðal annars frændfólk Kristjáns á Gimli í Manitoba í Kanada. „Þegar ég byrjaði að skipuleggja áfangann í fyrria hugsaði ég með mér hvað ég ætti að gera eftir sex vikur en þegar til kom var af nógu að taka, mun meira efni en við komumst yfir,“ segir Ragna. „Í fyrsta tímanum spurði ég krakkana hvort þeir vissu hvað vesturferðir væru. „Eru það ekki ferðir vestur á firði,“ svaraði einn og þá var mér ljóst að ég yrði að byrja á byrjuninni.“

Fjölbreytt verkefni

Miðað var við að vinna nemenda samsvaraði að jafnaði fimm kennslustundum vikulega á önninni, en Ragna segir að nemendur hafi lagt mun meiri vinnu í verkefnið, sem þeir hafi valið sér sjálfir. Meðal annars hafi drengir á íþróttabraut kynnt sér sögu íshokklíðsins Fálkana, sem varð ólympíumeistari 1920, en allir leikmennirnir nema einn voru af íslenskum ættum. „Þannig nálgðuðust þeir sitt áhugasvið og svo var um fleiri.“ Í því sambandi nefnir hún að einn nemandi hafi komið með gamalt sendibréf og teikningar af skriðli (e. jigger), sem



Ljósmynd/Gunnar Gunnarsson

Tenging Kristbjörg Heiður Kristjánsdóttir, Lísbet Óla Jørgensen Steinsdóttir, Einar Örn Sigurðsson og Stefán Óli Hallgrímsson bökðu vinartertunni.



Verkefni um Fálkana frá Winnipeg.

notaður er við fiskveiðar á ísi lögðum vötnum vestra, sem höfðu borist ættmennum á Íslandi í þeirri von að þau gætu nýtt sér upplýsingarnar. Haft var samband við Juliönnu Roberts, framkvæmdastjóra Safns íslenskrar menningararfleifðar á Nýja-Íslandi, The New Iceland Heritage Museum, og fræddi hún nemendur um safnið á Gimli og ýmislegt því tengt á netfundum, þar sem nemendur gátu spurt spurninga. „Systkinin Sigurlína „Dilla“ og Óli Narfason, frændfólk Kristjáns, sendu okkur segulbandsspólur, þar

sem þau sögðu okkur meðal annars frá íslensku jólahaldi vestra og Dilla hefur reyndar haldið áfram að senda mér efni, sem nýtist á þessari haustönn.“

Í fyrria voru 20 nemendur í áfanganum en nú eru 27 skráðir í hann. Í næstu viku er áætlað að hópurinn heimsæki Vesturfarasetrið á Hofsi, stefnt er að sérstakri vestur-íslenskrari dagskrá í skólanum á degi íslenskrar tungu 16. nóvember nk. og til stendur að setja upp leikrit eftir vesturíslenska skáldið Guttorm J. Guttormsson. „Kórónuveirufaraldurinn kom í veg fyrir það í fyrria en vonandi tekst það núna.“

Áfanginn hefur skilað miklu og Ragna er alsæl. „Þetta er merki-legasta saga Íslendinga,“ sagði einn nemandinn í lok annars í fyrria. Þessi saga virðist vera að tynast og við verðum að passa upp á hana.“

Vegna þessarar göðu reynslu hefur stjórn Þjóðræknisfélagsins ákveðið að veita fjóra 200.000 kr. styrki til skólaverkefna sem tengjast vesturferðum, Vestur-Íslendingum og afkomendum þeirra, að sögn Gísla Sigurðssonar stjórnarmanns. Umsóknir með lýsingu á fyrirhuguðum verkefnum og kostnaðaráætlun þurfa að berast fyrir 27. september nk., en forseti félagsins, Hulda Karen Danielsdóttir (hulda.karen.danielsdottir@gmail.com), veitir nánari upplýsingar.

### ÍÞRÓTTIR



#### Purfa að treysta á unga og reynsluminni leikmenn gegn Rúmeníu

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu verður án margra lykilmanna þegar liðið mætir Rúmeníu í J-riðli undankeppni HM 2022 á Laugardalsvelli í kvöld.

Ísland er í fimmta og næstneðsta sæti J-riðils undankeppninnar með 3 stig, líkt og Rúmenar sem eru í fjórða sætinu, en liðin mættust í undanúrslitum umspils um laust sæti á EM 2021 á Laugardalsvelli í október á síðasta ári þar sem íslenska liðið vann 2:1-sigur.

Rúmenar sitja sem stendur í 45. sæti styrkleikalistu FIFA en íslenska liðið er í 53. sæti. »55

### MENNING

#### Freyðandi ljóð í Borgarbókasafninu

Boðið verður upp á freyðandi ljóð og léttar veitingar, ef sóttvarnareglur leyfa, í Borgarbókasafninu í Kringlunni í dag milli kl. 17.30-18.30. Júlía Margrét Einarsdóttir sér um ljóðakaffið þar



sem þrjú skáld í yngri kantinum flytja ljóð sín. Fram koma Arndís Lóa Magnúsdóttir, sem fékk Nýræktarstyrk til að gefa út ljóðabókina Taugabod á háspennulínu, Brynja Hjalmsdóttir, sem hefur gefið út ljóðabókina Okfruman og birt ljóð í tímaritum, og Dagur Hjartarson, sem meðal annars hefur gefið út ljóðabækurnar Fjölskyldulíf á jörðinni, Því miður og Heilaskurðadgerðin. Júlía Margrét Einarsdóttir hefur gefið út skáldsöguna Drottningin á Júpiter og ljóðabókina Jarðarberjatungl.

# ILVA

## Söfudagar

26. ÁGÚST - 13. SEPT.



#### HEIM 2,5 SÆTA SÓFI

Kaldpressaður svampur í sessum Silikontefjar í baki. Svartlakkaðir fætur. H86xB120xL200cm. 249.900 kr. Nú 199.920 kr.



20%

LISSABON NY HORNTUNGUSÓFI  
B137xD363xL257cm  
319.900 kr. Nú 255.920 kr.



40%

ORTO TUNGUSÓFI  
H66xB164xL292cm  
279.900 kr. Nú 164.900 kr.



20%

LOKE HÆGINDASTÓLL  
Hvítuð gegnheil eik, koniaksliða leður.  
99.900 kr. Nú 79.920 kr.



20%

20%

MINI LOUNGE  
Gólfampi H197cm  
29.900 kr.  
Nú 23.920 kr.

AMBLE SÓFABORÐ Ø77cm  
29.900 kr. Nú 23.920 kr.



Sparaðu  
20%  
AF ÖLLUM SÓFABORÐUM



Sparaðu  
20%  
AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM

ILVA Korputorgi

Lau. og sun. 12-18  
Virkir dagar 11-18:30

ILVA Akureyri

Lau. 10-17 Sun. 13-17  
Virkir dagar 11-18

s: 522 4500 - www.ILVA.is



Í lausasölu 739 kr.

Áskrift 7.982 kr. Helgaráskrift 4.982 kr.

PDF á mbl.is 7.077 kr. iPad-áskrift 7.077 kr.

Sími: 569 1100

Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is Auglýsingar: augl@mbl.is

Áskrift: askrift@mbl.is mbl.is: netfrett@mbl.is